

Ár 2007, 23. janúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jakobi R. Möller, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kristni Hallgrímssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

**Að skera úr um hvort heyra skuli undir kjararáð
að ákveða laun og starfskjör listdansstjóra
Íslenska dansflokksins**

I.

Lög um kjararáð nr. 47/2006 tóku gildi 1. júlí 2006. Um leið féllu úr gildi lög nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd. Verkefni kjararáðs er að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og annarra ríkisstarfsmanna, sem svo er háttáð um að þau geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu. Fullskipað kjararáð ákveður laun forseta Íslands samkvæmt 1. gr. laga nr. 10/1990 um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, og launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og héraðsdómara, sbr. 3. gr. laga um kjararáð. Kjararáð skipað þremur mönnum ákveður laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttáð um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 4. gr. laganna. Fullskipað kjararáð sker úr um það til hverra ákvörðun launa og starfskjara samkvæmt 4. gr. skuli ná í nánari atriðum en þar greinir, sbr. 5. gr. laga um kjararáð. Í ákvæði til bráðabirgða segir að allir þeir sem féllu undir úrskurðarvald Kjaradóms eða kjaranefndar samkvæmt lögum nr. 120/1992 þegar löggin um kjararáð tóku gildi skyldu sæta kjaraákvörðunum þess þar til kjararáð hefði ákveðið nánar til hverra þessi háttur á ákvörðun kjara skyldi framvegis ná út frá þeirri meginreglu að kjör ríkisstarfsmanna skuli ráðast með kjarasamningum þar sem því verður við komið. Listdansstjóri Íslenska dansflokksins heyrði áður undir úrskurðarvald kjaranefndar og heyrir því undir kjararáð samkvæmt fyrrnefndu bráðabirgðaákvæði.

II.

Starfsheiti forstöðumannsins er nokkuð á reiki, en í reglum nr. 14/2002 er hann kallaður listdansstjóri. Hann er einnig kallaður listrænn stjórnandi dansflokksins. Kjararáð mun nota starfsheitið listdansstjóri eins og í fyrrnefndum reglum um Íslenska dansflokksinn. Kjaranefnd barst bréf, dagsett. 21. júní 2006, frá listdansstjóra. Í bréfinu óskaði hann eftir að kjaranefnd endurskoðaði laun hans. Eins og áður segir féllu lög um Kjaradóm og kjaranefnd úr gildi við gildistöku laga um kjararáð og tók kjararáð við málum sem ólukið var hjá kjaranefnd.

Í samræmi við 5. gr., sbr. 4. gr. laga um kjararáð, tók ráðið til skoðunar hvort heyra skyldi undir það að ákveða laun og starfskjör listdansstjóra Íslenska dansflokksins. Kjararáð gaf menntamálaráðuneytinu, listdansstjóra og fjármálaráðuneytinu, með bréfum dagsett. 8. desember 2006, kost á að koma sjónarmiðum á framfæri vegna málsins. Svar barst frá fjármálaráðuneytinu dagsett 28. desember 2006. Auk þess barst í desember bréf frá listdansstjóra þar sem ósk um hækkun launa var ítrekuð og rökstudd. Áður hafði borist bréf frá menntamálaráðuneytinu dagsett 22. nóvember 2006.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins sagði að listdansstjóri væri forstöðumaður dansflokksins og skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Sá sem skipaður væri listdansstjóri skyldi hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði listdans samkvæmt 3. gr. reglna menntamálaráðuneytisins um starfsemi Íslenska dansflokksins nr. 14/2002. Reglurnar hefðu verið undirritaðar 14. janúar 2002 á grundvelli heimildar í 19. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998. Þá sagði að forstöðumaður og listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins væri á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Á listanum væri starfsheitið listdansstjóri Íslenska dansflokksins. Í bréfi menntamálaráðuneytisins sagði að ráðuneytið teldi eðlilegt að laun og starfskjör forstöðumanns og listræns stjórnanda Íslenska dansflokksins væru ákveðin með úrskurði kjararáðs og var það rökstutt með sama hætti og í áðurnefndu bréfi fjármálaráðuneytisins.

Fulltrúar menntamálaráðuneytisins komu fund kjararáðs og gerðu nánari grein fyrir reglum um dansflokkinn. Þá kom listdansstjóri á fund ráðsins og sagði frá starfsemi dansflokksins og starfi listdansstjóra.

III.

Í 19. gr. leiklistarlaga nr. 139/1998 er sagt, að menntamálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna. Jafnframt er heimilað að ákvæði er taka til starfsemi Þjóðleikhússins séu sett í sérstakri reglugerð. Íslenski dansflokkurinn starfar samkvæmt reglum nr. 14/2002 sem sagðar eru settar á grundvelli 19. gr. leiklistarlaga. Í leiklistarlögum er ekki minnst á dansflokkinn, þótt í athugasemdum við 5. gr. frumvarps, sem varð að leiklistarlögum, segi meðal annars að aðstæður á sviði söngleikja, óperu og listdans hafi breyst nokkuð, „einkum með tilkomu Íslensku óperunnar og breyttum högum Íslenska dansflokksins sem orðinn er sjálfstæð stofnun og hefur ekki lengur bækistöð í Þjóðleikhúsinu.“

Í reglunum er ennfremur sagt að málefni Íslenska dansflokksins heyri undir menntamálaráðuneytið. Listdansstjóri stjórnar dansflokknum í samvinnu við stjórn hans. Listdansstjóri er forstöðumaður dansflokksins og skipaður af menntamálaráðherra til fimm ára í senn. Hann veitir dansflokknum listræna forystu og mótar listræna stefnu hans í samráði við stjórn. Hann annast og ber ábyrgð á daglegum rekstri dansflokksins, bæði listrænum og fjárhagslegum. Hann ræður starfsfólk og fer að öðru leyti með stjórn starfsmannamála dansflokksins. Auk þess starfar framkvæmdastjóri við dansflokkinn.

Nokkur vafi er um lagalegan grundvöll starfsemi dansflokksins. Flokkurinn starfar samkvæmt reglum sem settar eru á grundvelli hæpinnar lagastoðar, þar sem veitt er reglugerðarheimild án þess að tilvera dansflokksins sé nefnd í lögnum. Með áðurnefndum reglum var listdansstjóri gerður að forstöðumanni dansflokksins í stað framkvæmdastjóra eins og eldri reglur gerðu ráð fyrir. Þar sem fjármálaráðuneyti hefur áður tilgreint starfsheitið listdansstjóri Íslenska dansflokksins á lista yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og lýst því að svo verði á lista sem birtur verði í janúar 2007 í Lögbirtingablaði, telur kjararáð sér skylt að taka afstöðu til þess hvort ákvörðun um laun og starfskjör listdansstjóra skuli heyra undir kjararáð.

IV.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 ákveður kjararáð laun og starfskjör ríkisstarfsmanna sem ekki falla undir 3. gr. og svo er háttað um að laun þeirra og starfskjör geta ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða samningsstöðu, sbr. 1. gr. laganna.

Í athugasemdum með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 47/2006 um kjararáð segir að meginreglan á vinnumarkaði, hvort sem er hjá hinu opinbera eða einkaaðilum, hljóti að vera samningsfrelsi og að laun og starfskjör séu ákveðin í frjálsum samningum. Undantekninguna sem lögin mæli fyrir um verði að skýra þröngt. Í 4. gr. komi fram hverjir aðrir en æðstu handhafar ríkisvaldsins, sbr. 3. gr., skuli heyra undir lögin. Meginreglan sé sú að það séu þeir embættismenn og ríkisstarfsmenn sem svo sé háttað um að laun þeirra og starfskjör geti ekki ráðist með samningum á venjulegan hátt vegna eðlis starfanna eða misvægis samningsstöðu. Við mat á því hverjir falli undir ákvæði 4. gr. sé eðlilegt að horfa til þess annars vegar hverjir gegni störfum sem ekki megi falla niður í verkföllum og hins vegar hverjir gegni störfum sem feli í sér fyrirsvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum.

Listdansstjóri Íslenska dansflokksins er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og er hann því embættismaður samkvæmt 1. mgr. sömu lagagreinar. Samkvæmt 40. gr. sömu laga er embættismönnum óheimilt að efna til eða taka þátt í verkfalli eða öðrum sambærilegum aðgerðum. Í reglum nr. 14/2002 um Íslenska dansflokkinn segir að listdansstjóri beri ábyrgð á rekstri dansflokksins, ráði starfsfólk og beri að öðru leyti ábyrgð á starfsmannamálum flokksins. Hann fer því með fyrirsvar fyrir ríkið í samskiptum við starfsmenn í kjaramálum.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða kjararáðs að störf listdansstjóra Íslenska dansflokksins séu þess eðlis að heyra skuli undir það að ákveða laun og starfskjör hans, sbr. 4. gr. laga nr. 47/2006.

V.

Úrskurðarorð

Ákvörðun launa og starfskjara listdansstjóra Íslenska dansflokksins heyrir undir kjararáð.

Guðrún Zoëga

Jakob R. Möller

Jónas Þór Guðmundsson

Kristinn Hallgrímsson

Rannveig Sigurðardóttir